HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Kópavogsbær
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Garðabær 29. júní 2021
K-16939 PS, HÞ

Umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um breytt deiliskipulag fyrir Glaðheima, vesturhluta í Kópavogi

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 28. júní 2021 var lagt fram erindi frá Umhverfissviði Kópavogs dags. 14.05.2021 þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins á breyttu deiliskipulagi fyrir Glaðheima vesturhluta. Með erindinu fylgdu lýsing og minnisblað (umhverfisskýrsla) gert af verkfræðistofunni Mannviti og fleiri gögn.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi nefndarinnar:

„Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir meiri íbúðarbyggð en fyrra skipulag, en að sama skapi er gert ráð fyrir að minna verði reist af skrifstofu- og atvinnurýmum.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þau áform en áréttar eftirfarandi þrjá þætti.

I. *Í minnisblaði Mannvits er fjallað um hávaða frá Reykjanesbraut, um að sá hluti íbúða sem snúa að Reykjanesbraut og öðrum þungum umferðaræðum séu undir verulega álagi frá umferð. Allar eigi íbúðirnar þó húshlið sem uppfylli ákvæði hávaðareglugerðar fyrir íbúðir. Heilbrigðisnefnd telur að Kópavogsbær verði að tryggja með ákvæðum í skipulagi, við úthlutun lóða, samþykkt teikninga og við lokaúttektir byggingafulltrúa að allar íbúðir uppfylli kröfur hávaðareglugerðar.*
II. *Að tryggður verði fullur aðskilnaður milli íbúða og atvinnuhúsnæðis í sama húsi og að ekki sé hætta á að atvinnustarfsemi geti valdið íbúum ónæði vegna hávaða, titrings, lyktar, meðhöndlunar á úrgangi, losunar á úrgangi eða móttöku hráefnis.*
III. *Heilbrigðisnefnd tekur undir með höfundum umhverfisskýrslu um mikilvægi þess að loftgæði verði vöktuð á svona þéttbýlu svæði nærri miklum umferðaræðum og að þegar ætti að skipuleggja slíka vöktun. Komi fram óskir frá Kópavogsbæ mun heilbrigðisnefnd vakta loftgæðin þar sérstaklega.“*

F.h. heilbrigðisnefndar,

Páll Stefánsson

Páll Stefánsson
Deildarstjóri.

Skjal sótt af '0000000000' dags. 11.11.2026